

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1978

9. janúar 1978.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 23. janúar 1978 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

9. febrúar 1978.

Nr. 2.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 6. febrúar 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslur hinn 6. febrúar 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollfyrivalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok aprílmánaðar 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisþil, að frádregnum 13% gengismun.